

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 238 31. maí 1977, um sérstakt tímabundið  
vörugjald, sbr. reglugerð nr. 465 31. desember 1977 um  
breyting á þeirri reglugerð.**

**1. gr.**

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í rikissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlestrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal vera 18% til 19. febrúar 1978 en 16% tímabilið 20. febrúar til 31. desember 1978.

**2. gr.**

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 16% á 89,3% heildsöluverðsins en það svarar til 14,29% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 84 31. desember 1977 og 9. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 20. febrúar 1978.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*